



Borgarráð

Þórðarhöfði 4 - afnot af lóð, B. M. Vallá ehf

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi leigusamning við B. M. Vallá ehf, kt. 450510-0680, um afnot af lóð við geymsluskemmur Reykjavíkurborgar við Þórðarhöfða 4, Landnúmer L210891.

Greinargerð:

B. M. Vallá ehf. hefur undanfarin ár notað lóð Þórðarhöfða 4, næst þeirra athafnasvæði á Ártúnshöfða með samþykki fyrirverandi lóðarhafa.

Með þessum leigusamningi er B.M.Vallá leigður þessi lóðarhluti sem er um 3700 fermetra af lóð með einum mánuð í uppsagnarfrest og greitt verður kr. 740.000,-, á mánuð, fyrir afnot af svæði undir vinnutæki og annað.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa

Hjálagt: Undirritaður leigusamningur við B. M. Vallá ehf.

Undirritaðir samningsaðilar, Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar-eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12 , í samningi þessum nefnd leigusali og BM Vallá, kt. 450510-0680, Breiðhöfða 3, 110 Reykjavík í samningi þessum nefndur leigutaki, gera með sér svohljóðandi:

Leigusamning um geymslusvæði við Þórðarhöfða

1.gr. Hið leigða

Um er að ræða geymslusvæði á lóð, L210891, við bragga við Þórðarhöfða 4 í Reykjavík, sem leigutaki nýtir sem geymslu fyrir bifreiðar og/eða tæki sín. Nánar tiltekið er um að ræða 3.700m² svæði neðst á lóðinni við Þórðarhöfða samkvæmt meðfylgjandi loftmyndum á fylgiskjali 1. Um er að ræða svæði merkt rautt á mynd.

2.gr. Ástand hins leigða

Leigutaki tekur við hinu leigða í núverandi ástandi þess sem leigutaki hefur kynnt sér og sættir sig við að öllu leyti. Geymslusvæðið er leigt út án allra þjónustu.

3.gr. Leigutími og skil

Leigusamningur þessi er ótímabundinn og hefst 1. október 2023. Ef vanefndir eru á greiðslum leigugjalda jafngildir það uppsögn samnings frá hendi leigutaka. Uppsagnarfrestur er einn mánuður, af beggja hálfu og skal miðast við mánaðarmót. Uppsögn samnings skal vera skrifleg. Leigutaka er óheimilt að framleigja svæðið.

Leigutaka ber að skila hinu leigða í sambærilegu ástandi og það var í við upphaf leigutímans og fjarlægja allar sínar eigur.

4.gr. Leigukjör

Leigan skal vera kr. 200.- fyrir hvern m² pr. mánuð eða 740.000 kr. Leigan greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. hvers mánaðar og eindaga 15. hvers mánaðar. Beri gjalddaga upp á frídag skal miða við næsta virka dag þar á eftir.

Leigan miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er í september mánuði 2023 (595,8 stig) og breytist með henni til hækkunar eða lækkunar á eins mánaðar fresti.

5. gr. Umhirða

Leigutaka er skylt að ganga vel um svæðið í samræði við umsamin afnot þess og skal halda umhverfi þess snyrtilegu. Ekki er leyfilegt að hafa númeralausar bifreiðir á hinu leigða svæði.

6.gr.

Böð

Greiðsla rekstrarkostnaðar

Leigusali greiðir öll opinber gjöld og skatta af hinu leigða. Leigutakar greiða fyrir notkun og tengingar rafmagns og vatns telji þeir þess þörf.

7. gr. Bótaábyrgð

Leigusali ber ekki ábyrgð á tjóni er kann að vera á eignum leigutaka á svæðinu. Leigutaki skal annast allar sértryggingar á eignum sínum á svæðinu ef þurfa þykir.

8. gr. Riftun

Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun. Hið sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrir leiguafnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.

9. gr. Annað

Rísi mál út af samningi þessum skal það höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Ekki er heimilt að þinglýsa samningi þessum.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita forsvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, __. september 2023



F.h. Reykjavíkurborgar með
fyrirvara um samþykki borgarráðs




F.h. leigutaka

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskriftum
og fjárræði




230794-2729



041088-3119

Fylgiskjal 1 með leigusamningi við BM Vallá.



Bob Vallá